



Fjölbrautaskóli Suðurlands

LIME2MM05

Listir og Menning 2
Vorönn 2025

Kennari:	Anna Kristín Valdimarsdóttir, AKV, annakristin@fsu.is
	Guðbjörg Bergsveinsdóttir, GB, gudbjorgbergsveinsdottir@fsu.is

Áfangalýsing:

Nemendur skoða áhrif lista og skapandi greina á atvinnu- og nýsköpun. Markmið áfangans er að nemendur öðlist skilning á hvernig listir tengjast atvinnusköpun og samfélagsþróun og efla hæfni sína til list- og nýsköpunar. Nemendur rannsaka viðfangsefnin með ábyrgum og sjálfstæðum hætti.

Undanfari: LIME1IN05

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- rótum, áhrifum og tilgangi lista og menningar í nútímasamfélagi og sögulegu samhengi.
- hvernig stefnur og straumar í listum taka sífellt breytingum.
- uppbyggingu, aðferðum, hugtökum og sérkennum mismunandi listgreina.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- tengja margvíslegar listir og listform við menningu, samfélag, náttúru og tækni.
- skoða og meta eigin gildi og viðhorf til margvíslegra listforma.
- nota mismunandi aðferðir í framsetningu verkefna, s.s. með því að tala, skrifa, teikna eða miðla á annan hátt.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja hlutverk menningar og sköpunar í eflingu skapandi greina.
- taka þátt í umræðum um menningu og listir.
- vera meðvitaður um ólíka upplifun og skoðanir fólks á mismunandi listformum.
- vinna með öðrum með umburðarlyndi og virðingu að leiðarljósi.
- fjalla um eigin verk og listrænar niðurstöður.

Námsefni:

- Engin kennslubók er í áfanganum en kennarar deila rafrænu efni með nemendum yfir önnina.
- Farnar verða ein eða fleiri vettvangsferðir á önninni.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 4	15. jan.- 6. feb.	Námslota 1: Textíl/fatahönnun Kennari: Guðbjörg Námsáætlun áfangans kynnt	Verkefni 1: Textíl- endurvinnsla Verkefni 2: Slow Fashion and Fast Fashion Verkefni 3: Fatahönnuður
5 - 8	10. feb. -6. mars <i>Miðannarmat 28. feb</i>	Námslota 2: Leikhús og kvikmyndir Kennari: Anna Kristín Leikhúsferð 13. febrúar Skráp fyrir miðannarmat 27. feb.	Verkefni 4 - 5
9 - 12	10. mars - 3. apríl <i>Áfangamessa – 5. mars Valdagur 12. mars Kátir dagar 20. mars Flóafár 21.mars</i>	Námslota 3: Hönnun Kennari: Guðbjörg	Verkefni 6: Hönnun
13 - 16	7. apríl - 1. maí <i>Páskafri - 14- 21. apríl Sumardagurinn fyrsti- 23. apríl Verkalýðslagurinn- 1. maí</i>	Námslota 4: Myndlist Kennari: Anna Kristín Heimsókn á Listasafn Árnesinga, dagsetning auglýst síðar	Verkefni 7-9
17 - 18	5. maí - 15. Maí <i>Dimmisjón - 9. maí Síðasti kennsludagur – 15. maí</i>	Þátttaka/skráp Kennarar: Anna eða Guðbjörg Ýmis menningarþátttaka Myndlistarsýning í Listagjanni, dagsetningar auglýstar síðar	Þátttaka og virkni 20%

Námsmat:

Lýsing á námsmati/ námslotur	Vægi
Hönnun	30%
Myndlist	20%
Textíl/fatahönnun	20%
Kvikmynd/leiklist	10%
Þátttaka, virkni, áhugi og mæting	20%
Samtals	100%

Sérreglur áfangans:

- Athugið að þetta er símatsáfangi og ætlast er til að nemendur fylgist með námsáætlun og tilkynningum á Innu.
- Skila þarf öllum verkefnum samkvæmt námsáætlun og verkefnalýsingum.
- Mikilvægt er að virða skilafrest verkefna. Ef nemandi skilar **of seint dregst 0,5** af einkunn fyrir hvern dag umfram skilafrest ef ekki hefur verið samið um annað við kennara. **Að sjö dögum liðnum** umfram skilafrest er ekki möguleiki að fá hærri einkunn en **5** fyrir verkefni. Mikilvægt er að nemandi sé í góðu sambandi við kennara ef hann lendir í vandræðum með verkefnaskil.
- Gefin er einkunnin **0** fyrir verkefni sem ekki er skilað
- Til að standast kröfur áfangans þarf að ná að lágmarki 5 í meðaleinkunn verkefna.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Guðbjörg Bergsveinsdóttir og Anna Kristín Valdimarsdóttir,

Selfossi, 13. janúar 2025